

Tillaga til þingsályktunar

um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll.

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir, Vilhjálmur Arnason, Oddný G. Harðardóttir,
Páll Valur Björnsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Haraldur Einarsson,
Fjóla Hrund Björnsdóttir, Elsa Lára Arnardóttir,
Geir Jón Þórisson, Róbert Marshall.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að tryggja að á Hornafjarðarflugvelli verði nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi sem núna hafa heimild til þess að fljúga um völinn.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 141. löggjafarþingi (þskj. 175, 174. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt óbreytt.

Hornafjarðarflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi rekstur og uppbyggingu á svæðinu til hagsbóta fyrir heimamenn og atvinnulífið. Ljóst er að staðsetning vallarins býður upp á mikla möguleika til aukinnar umferðar ferðamanna, sérstaklega í kjölfar tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að tryggja að til staðar sé nægjanlegur búnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þáðan millilandaflugi.

Í janúar 2008 unnu Flugstoðir greinargerð að beiðni sveitarstjórna og annarra hagsmunaaðila til að kanna möguleika á að gera flugvöllina á Ísafirði, Vestmannaeyjum og Höfn að millilandaflugvöllum og til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa til að slíkt gæti orðið að veruleika og hver kostnaðurinn við breytingar af þessu tagi gæti verið. Í greinargerðinni kemur fram að gera þarf endurbætur á öryggis- og eftirlitsþáttum á umræddum flugvöllum þannig að hægt verði að taka á móti minni farþegaflugvélum í millilandaflugi og vélum í ferjuflugi. Í greinargerðinni eru möguleikar og kostnaðaráhrif þessara ráðstafana metin en í aðalatriðum eru þrjár reglugerðir sem taka þarf tillit til. Gera þarf örlitlar breytingar á viðauka 1 við reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003, og bæta Hornafjarðarflugvelli við lista yfir skilgreindar landamærastöðvar. Auk þess þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 464/2007 um flugvelli vegna mannvirkja og vegna öryggisstjórnunarkerfis og flugvallarskírteinis og skilyrði reglugerðar nr. 361/2005 um flugvernd.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 464/2007 skulu millilandaflugvellir falla undir flokkinn flugvöllur I í skilningi reglugerðarinnar. Hornafjarðarflugvöllur fellur nú undir flokkinn skráður lendingarstaður. Þegar flugvöllur er fluttur úr flokknum lendingarstaður til áætlunarflugs upp í flugvöll í flokki I og skilgreindur sem millilandaflugvöllur hafa ákvæði framan­greindra reglugerða fyrst og fremst áhrif á kostnað. Kröfur reglugerðar nr. 464/2007 til mannvirkja fela einkum í sér stofnkostnað vegna mannvirkja, svo sem öryggissvæða. Kostnaður vegna krafna reglugerðar nr. 464/2007 til gæða- og öryggisstjórnunarkerfis og flugvallarskírteinis hlýst af starfsliði til að vinna við verkefni, bæði á vellinum sjálfum og hjá miðlægum

deildum Flugstoða. Stofnkostnaður sem hlýst af þeim kröfum sem gerðar eru í reglugerð nr. 361/2005 er vegna vopnaleitarbúnaðar, breytinga á aðstöðu o.fl. auk þess sem kostnaðarauki er vegna viðbótarstarfsliðs við vopnaleit og umsýslu vegna flugverndar bæði á flugvellingum sjálfum sem og hjá miðlægum deildum Flugstoða.

Mikilvægt er að Hornafjarðarflugvöllur verði styrktur eins og lagt er til í þessari tillögu. Flutningsmenn leggja áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði í þá vinnu sem fyrst til að treysta enn frekar atvinnulíf í Hornafirði og nágrenni og stuðla að frekari uppbyggingu og vexti Vatnajökulsþjóðgarðs.